

Viðauki - Bráðabirgðasamantekt: Verkefni sem eftir verða hjá sveitarfélögum

Yfirlit miðað við 582. mál, þskj. 984, nefndarálit með breytingartillögu þskj. 1355 og framkomna breytingartillögu þskj. 1366, ásamt 568. máli um Stofnun atvinnuveganna, þskj. 964 og 1385. Staða: 16. júní 2026. Endanleg verkaskipting getur ráðist að hluta af síðari reglugerðarbreytingum.

Verkefni sem situr eftir	Stutt lýsing	Lagastoð / reglugerðir	Gjaldtaka	Stjórnvaldsúrræði
1. Staðbundnar samþykktir sveitarfélaga	Sveitarfélög semja drög að staðbundnum samþykktum um mál sem verða áfram á þeirra forræði, t.d. fráveitur, úrgang, gæludýrahald og önnur afmörkuð nærumhverfismál. Í kynningu ráðuneytisins kemur fram að færa þurfi verkefni heilbrigðisnefnda sem mælt er fyrir um í samþykktum og reglum sveitarfélaga yfir til sveitarfélaganna sjálfra.	Lög nr. 7/1998, einkum 59. gr. eins og henni er breytt. Breytingartillaga skýrir að húsdýrahald/búfjárhald fer fremur eftir sérlögum en ekki almennri samþykktarheimild um gæludýr. Þetta bendir til þess að sveitarfélög þurfi að fara kerfisbundið yfir eigin samþykktir og reglur og ákveða hver innan stjórnsýslu sveitarfélagsins taki við þeim hlutverkum.	Já, ef gjaldtaka er sett í samþykkt og gjaldskrá. Gjöld mega ekki fara fram úr rökstuddum kostnaði. Breytingartillaga bætir við gjaldtöku vegna eftirlits, sýnatöku, eftirfylgni og þvingunarúrræða.	Já, en bundið við eigin samþykktir og þau verkefni sem sveitarfélag fer raunverulega með. Fyrirmæli, dagsektir og framkvæmd á kostnað aðila geta komið til eftir atvikum.
2. Umgengni og umhirða utan húss	Staðbundin afskipti af drasli á lóðum, óprífnaði, ónýtum hlutum, spillandi umgengni og sambærilegum vandamálum í nærumhverfi.	Nefndarálit þskj. 1355 og 59. gr. laga nr. 7/1998, eftir nánari útfærslu í samþykktum sveitarfélaga. Í gögnum ráðuneytisins er þetta nánar útfært sem eftirlit með almennri umgengni utanhúss á almennings- og einkalóðum, þrífnaði og hreinlæti utanhúss og eftirfylgni með ákveðinni meðhöndlun úrgangs	Já, ef gjaldskrá nær til kostnaðar við málsmeðferð, eftirlit, eftirfylgni eða aðgerðir. Skýr kostnaðargrundvöllur þarf að liggja fyrir.	Já. Fyrirmæli um úrbætur, dagsektir og eftir atvikum framkvæmd úrbóta á kostnað aðila, að því marki sem lagastoð og samþykkt ná til.
3. Gæludýrahald	Reglur um hundahald, kattahald, skráningu, bann eða takmarkanir á tilteknum svæðum og skyldur eigenda.	59. gr. laga nr. 7/1998 um samþykktir sveitarfélaga. Einnig staðbundnar samþykktir um hundahald/kattahald eftir atvikum.	Já. Skráningar-, leyfis- og þjónustugjöld geta komið til ef þau eru í samþykkt og gjaldskrá og eru kostnaðartengd.	Já, ef samþykkt mælir fyrir um það. Áminning, fyrirmæli, dagsektir, afturköllun leyfis eða önnur úrræði eftir efni samþykktar.
4. Úrgangur og sorphirða	Sveitarfélög halda kjarnahlutverki í sorphirðu og staðbundinni úrgangspjónustu: flokkun, ílát, afhending, söfnun og umgengni. Starfsleyfa- og mengunarvarnaeftirlit með úrgangsstarfsemi færist almennt til ríkisins.	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. 59. gr. laga nr. 7/1998 vegna staðbundinna samþykktu. Reglugerðir um úrgang eftir eðli verkefnis.	Já. Annars vegar sorphirðu- og úrgangsgjöld samkvæmt sérlögum; hins vegar gjöld vegna samþykktu skv. 59. gr. ef sérstaklega ákveðið.	Já vegna brota á samþykktum sveitarfélags. Ekki almenn eftirlitsheimild með starfsleyfisskyldri úrgangsstarfsemi nema hún verði sérstaklega skilin eftir.
5. Fráveitur og skólp	Samþykktir og staðbundin framkvæmd vegna fráveitna og skólps. Möguleg samþykki vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar ráðast af reglugerðarútfærslu.	59. gr. laga nr. 7/1998, lög og reglur um fráveitur og skólphreinsun, m.a. reglugerð um fráveitur og skólp eftir því sem hún verður breytt.	Já að hluta. Rekstrar- og þjónustugjöld fylgja sérreglum um fráveitur. Stjórnvalds- eða eftirlitsgjöld þurfa skýra stoð í lögum, reglugerð, samþykkt og gjaldskrá.	Já að því marki sem um er að ræða eigin samþykktir eða skýrt verkefni sveitarfélags. Almennt mengunarvarnaeftirlit verður þó ekki sjálfkrafa hjá sveitarfélagi.
6. Loftgæði og mælistöðvar	Sveitarfélögum verður heimilt að setja upp og reka mælistöðvar vegna álags af umferð eða starfsemi. UOS gefur út loftgæðaáætlanir og tilkynningar, eftir atvikum í samráði við sveitarfélög.	36. gr. laga nr. 7/1998 eins og henni er breytt. Reglugerð nr. 787/1999 og reglugerð nr. 920/2016 um loftgæði.	Almennt nei gagnvart einstökum aðilum, nema sérstök þjónustu- eða leyfisgjöld hafi skýra stoð. Verkefnið er að mestu almannaðjónusta.	Takmörkuð sjálfstæð úrræði. Sveitarfélag getur beitt eigin skipulags-, umferðar- eða framkvæmdarúrræðum, en almenn mengunarvarnaúrræði verða fyrst og fremst hjá UOS.
7. Hávaði og aðgerðaáætlanir	Hávaðakortlagning, aðgerðaáætlanir og staðbundnar ráðstafanir, einkum þar sem hávaði tengist skipulagi, samgöngum, þéttbýli eða eigin rekstri sveitarfélags.	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Útfærsla kann að ráðast af reglugerðarbreytingum.	Yfirleitt nei sem eftirlitsgjald, nema um sé að ræða gjaldskylda umsókn, samþykkt eða þjónustu samkvæmt gjaldskrá.	Takmörkuð. Sveitarfélag getur fylgt eftir eigin áætlunum, skipulagi og framkvæmdum. Þvingunarúrræði gagnvart öðrum aðilum þurfa sérstaka lagastoð.
8. Vatnamál og vatnsvernd	Hlutverk í skipulagi, vatnsverndarsvæðum, samráði, upplýsingagjöf og staðbundinni framkvæmd. Ekki meginhlutverk í starfsleyfum eða almennu mengunarvarnaeftirliti.	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Reglugerð nr. 535/2011 og reglugerð nr. 796/1999. Skipulagslög og samþykktir geta einnig skipt máli.	Almennt ekki, nema tengt sérstöku leyfi, þjónustu, veiturekstri eða skipulags-/framkvæmdamáli.	Sveitarfélag hefur áfram úrræði sem skipulags- og framkvæmdaraðili. Almenn mengunarvarnafyrirmæli verða almennt hjá UOS nema annað sé sérstaklega ákveðið.
9. Mengaður jarðvegur	Samráð og skráningar-/upplýsingahlutverk með UOS og tillit til mengaðra svæða í skipulags- og byggingarmálum.	Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Skipulagslög og byggingarlög eftir því hvernig málið kemur upp.	Að jafnaði ekki sérstök eftirlitsgjöld, nema málið komi inn í gjaldskyld skipulags-, framkvæmda- eða byggingarmál.	Úrræði sveitarfélags sem skipulags- og byggingaryfirvalds. Mengunarvarnafyrirmæli vegna jarðvegsmengunar verða almennt hjá UOS.
10. Hauggeymslur og landbúnaðartengd mál	Möguleg samþykki eða afstaða til staðsetningar og frágangs hauggeymslna, eftir nánari reglugerðarútfærslu.	Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Útfærsla með reglugerðarbreytingum.	Óljóst þar til reglugerðarbreyting liggur fyrir. Ef um formlegt samþykki verður að ræða þarf gjaldtaka skýra stoð.	Óljóst þar til útfærsla liggur fyrir. Ef verkefnið fer í samþykkt/reglugerð geta fylgt fyrirmæli, dagsektir og eftirfylgni.
11. Umsagnir og staðbundin afstaða	Umsagnar- og samráðshlutverk vegna staðsetningar og staðbundinna áhrifa tiltekinna mannvirkja eða starfsemi, t.d. urðunarstaða.	Úrgangslöggjöf, skipulagslög, lög um mat á umhverfisáhrifum og reglugerðir um urðun úrgangs eftir atvikum.	Yfirleitt nei fyrir lögbundna umsögn nema sérstök gjaldtökuheimild sé fyrir hendi. Getur þó fallið undir gjaldskyld skipulags- eða framkvæmdarferli.	Umsögn er ekki þvingunarúrræði. Áhrifin liggja fyrst og fremst í skipulagsvaldi, framkvæmdaleyfum, byggingarmálum eða skilyrðum annarra stjórnvalda.
12. Önnur sveitarfélagsverkefni utan laga nr. 7/1998	Verkefni sem heilbrigðiseftirlit hefur sinnt fyrir sveitarfélög en verða áfram sveitarfélagsmál: Skipulag, byggingarmál, lóðamál, fráveitur, sorphirða, meindýravarnir, dýrahald og önnur nærumhverfismál.	Sérlæg eftir verkefnum, m.a. sveitarstjórnarlög, skipulagslög, byggingarlög, lög nr. 55/2003, lög um fráveitur og staðbundnar samþykktir.	Fer eftir sérlögum og gjaldskrám sveitarfélags. Ekki sjálfkrafa byggt á lögum nr. 7/1998 nema verkefnið sé sett þar undir.	Fer eftir viðeigandi sérlögum. Úrræði laga nr. 7/1998 nýtast aðeins ef verkefnið fellur undir samþykkt eða sérstaka heimild samkvæmt þeim lögum.

Ath.: Þetta er vinnuskjal til fundarnota. Verkefni sem flytjast til ríkisstofnana eru ekki talin upp nema til afmörkunar. UOS = Umhverfis- og orkustofnun.

Við 43. gr. Laga nr. 7/1998 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Sveitarfélögum er heimilt að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd þeirra verkefna sem þeim eru falin í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um tilhögun samstarfsins, þar á meðal um stjórn, rekstur og kostnaðarskiptingu. Um samvinnu sveitarfélaga fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Heimilt er að fela byggðasamlagi eða öðru sveitarfélagi framkvæmd eftirlits og stjórnvaldsaðgerða samkvæmt lögum þessum.